

## 7. FUNDUR STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

### STARFSÁRIÐ 2019-2020

Miðvikudaginn 11. desember kl. 18:00 var haldinn sjöundi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins í Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson auk varamanna Guðna B. Guðnasonar og Guðbjargar Guðmundsdóttur.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ sat fundinn.

Heiðar Sveinsson og Svava Björk Ásgeirsdóttir boðuðu forföll.

Þorsteinn og Auður Sif tóku þátt í fundinum með fjarfundarbúnaði.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

#### 1. Gjaldskrá HRFÍ

Farið yfir stöðuna á fjármálum félagsins og gildandi gjaldskrá.

Reynt hefur verið að halda gjaldskrá félagsins nær óbreyttri undanfarin ár en nú sér stjórn sig knúna til að gera gjaldskrárbreytingar. Launa- og neysluvísitala hefur hækkað umtalsvert síðustu tvö árin og þar með allur kostnaður við rekstur félagsins. Því er ákveðið að hækka félagsgjöldin um 12%. Launavísitala hefur hækkað umtalsvert undanfarin tvö ár eða um ríflega 6% hvort ár. Árlegt félagsgjald mun því hækka úr 7500 krónum í 8500 krónur og hjónagjald úr 10.600 í 12.750 kr., þannig að fullt gjald er fyrir annað hjónanna og hálf gjald fyrir hitt. Sýningargjöld munu einnig hækka um 7% en þau hafa einnig staðið í stað undanfarin tvö ár. Breytingar hafa einnig verið gerðar á liðum í gjaldskrá vegna sýninga en nú mun öldungur vera á sama gjaldi á öllum sýningum og verður það heldur lægra en almennt gjald, hann mun þó ekki teljast til afsláttar á móti. Aðrir liðir í gjaldskrá hækka um c.a. 12% til samræmis við verðlagshækkunarir.

Ný gjaldskrá HRFÍ tekur gildi 1. janúar 2020.

Fundi slitið kl. 20:00